



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 25. október 2023

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038, þskj. 319 – 315. mál.*

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038 er gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu árlega til reiðvega árin 2024 -2028, og á tveimur fimm ára tímabilum þ.e. 2029-2033 og 2034-2038, 500 millj. kr. hvort tímabil. Í heildina 1.500 millj. kr. á fimmtán ára tímabili.

Hér er í raun um lækkun á fjárframlagi til reiðvega að ræða frá því sem var á árunum 2000 – 2009. Sem dæmi þá var á árinu 2009 framlag til reiðvega af samgönguáætlun 70 millj. kr. og hafði að mestu fylgt verðlagsþróunum þeirra ára. Framreiknað með verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands væri sú upphæð **125.434.423-** kr. í september 2023.

Í október 2022 óskaði innviðaráðuneytið eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stöðu reiðvegamála. Starfshópurinn skyldi taka saman upplýsingar um stöðu reiðvega hér á landi og vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegamáli til framtíðar sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlunar og til forgangsröðunar framkvæmda á reiðvegum. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt var formaður starfshópsins, fulltrúa innviðaráðuneytisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga (LH).

Í niðurstöðum hópsins er lagt til átaks í reiðvegamáli og að reiðvegafé verði aukið frá því sem verið hefur undanfarin ár eða í 300 millj. kr. árlegt framlag árin 2024 – 2028. Reiðvegafénu skuli skipt milli þess að viðhalda núverandi reiðvegum, uppbyggingu og viðhaldi stofn- og ferðaleiða og gert reiðfært þar sem akvegir hafa verið lagðir bundnu slitlagi. Hér er um mjög svo hófsama tillögu starfshópsins að ræða þegar litið er til þess að umtalsvert meira fjármagn þyrfti til að koma reiðvegakerfi landsins í viðunandi horf. Starfshópurinn metur að reiðvegamál á Íslandi hafi verið vanfjármögnuð til lengri tíma, en sýnt hefur verið fram á að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta skapa þjóðarbúinu tekjur sem hlaupa á milljörðum á ársgrundvelli.

Viðhald og uppbygging reiðleiða og reiðstíga er undirstaða þess að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta geti dafnað og eflst á komandi árum.

Landssamband hestamannafélaga skorar því á stjórnvöld að gera ráð fyrir auknum framlögum til reiðvega í samgönguáætlun 2024-2038, að lágmarki 300 millj. kr. á ársgrundvelli, eins og starfshópurinn leggur til.

f.h. Landssambands hestamannafélaga  
Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri